



DET KONGELIGE  
KLIMA- OG MILJØDEPARTEMENT

Statsråden

Norræna sjálfbærnefndin  
Hanna Kosonen  
Norðurlandaráði  
Ved Stranden 18  
DK-1061 København K  
Danmark

Tilvísun yðar

Tilvísun okkar

Dagsetning:

### Svar við skriflegri fyrirspurn E 3/2017 um viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS)

Ríkisstjórnir Norðurlanda eru sammála um að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sé mikilvægt tæki til að ná markmiðum okkar í loftslagsmálum. Öll viljum við beita okkur fyrir því að viðskiptakerfið verði sem áhrifamest og geti aftur orðið hornsteinn loftslagsstefnunnar og dæmi til eftirbreytni. Sameiginleg ákvörðun ráðs Evrópusambandsins þann 28. febrúar um að endurskoða tilskipunina er mikilvægt skref í rétta átt, en þar tókst Svíþjóð að ná áhrifum, meðal annars með stuðningi frá Danmörku og Finnlandi.

Í yfirstandandi samningaviðræðum hafa **Danir** lagt áherslu á að skipulagi viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir verði breytt á þá leið að dregið verði úr hinu mikla offramboði á losunarheimildum, sem leitt hefur til alltof lágrar verðlagningar á kvótum. Í viðræðunum hafa Danir meðal annars unnið með Svíum að því að tryggja stuðning innan Evrópusambandsins við metnaðarfullar skipulagsbreytingar.

Danir telja sanngjarnt og vænlegast til árangurs að fundin verði lausn þar sem öll aðildarríkin leggja sitt af mörkum. Ríkisstjórnin beitir sér því fyrir sameiginlegri lausn í Evrópu sem dygði mun betur en einhliða aðgerðir gegn gífurlegu offramboði á losunarheimildum. Danir vilja meðal annars tvöfalda framlög í sérstakan sjóð (Market Stability Reserve), sem á að tryggja stöðugleika á kolefnismarkaði, jafnframt því að fella heimildir í sjóðnum úr gildi. Þörf er á að ógilda hluta af umframheimildum ef takast á að bregðast varanlega við offramboði á kvótum. Danir hafa því stutt hugmyndir Svía í viðræðunum um að gera þær heimildir tímabundnar, sem komið er fyrir í sjóðnum.

**Finnar** hafa ekki íhugað að fara að dæmi Svía um að kaupa innlendar heimildir og ógilda þær. Finnar telja engu að síður að áhrifamikið viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir sé

mikilvægt tæki til að ná markmiðum ESB í loftslagsmálum fyrir 2030 og standa við Parísarsamkomulagið. Mikið offramboð og lágt verð á losunarheimildum er áhyggjuefni og ástandið mun haldast óbreytt langt inn í viðskiptatímabilið (2021–2030) ef ekki verður gripið til beinna aðgerða. Því er mikilvægt að efla tilskipunina sem stjórnþæki, í viðræðunum um endurskoðun tilskipunarinnar um viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir (ETS). Sameiginleg ákvörðun ráðs Evrópusambandsins um endurskoðun tilskipunarinnar, sem tekin var á fundi 28. febrúar 2017, er metnaðarfull og mun hún efla kerfið og framkvæmd þess. Ráðið ákvað að efla stöðugleikasjóðinn með því að yfirfæra mun fleiri losunarheimildir í hann og ógilda heimildir úr sjóðnum frá og með árinu 2024. Samningaviðræður við Evrópuþingið um endanlega útgáfu tilskipunarinnar hefjast nú í vor og munu Finnar beita sér fyrir því að árangurinn verði metnaðarfullur og sanngjarn.

Finnska ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 2016 stefnu í orku- og loftslagsmálum fram til ársins 2030. Þar eru tilgreindar beinar aðgerðir sem Finnar grípi til í þeim tilgangi að uppfylla markmið stjórnarsáttmálans sem og markmið ESB. Ríkisstjórnin vinnur að því að auka hlut endurnýjanlegrar orku um 50%, hætta notkun kola í orkuframleiðslu, helminga olíunotkun innanlands og auka hlut endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum í 40%. Stefnt er að því að ná öllum þessum markmiðum fyrir árið 2030.

**Íslendingar** hafa að svo stöddu engin áform um að kaupa kolefniskvóta til ógildingar. Þegar þetta er skrifað hafa Íslendingar engin áform um tillögur eða aðgerðir til að efla ETS-kerfið.

**Norðmenn** taka eftir frumkvæði Svía. Við höfum ekki tekið ákvörðun um hvort við veljum svipaða leið. Stórþingið hefur samþykkt markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2030. Ríkisstjórnin ræðir nú hvernig þau markmið verði uppfyllt. Stórþingið bendir á að markmiðinu um kolefnishlutleysi megi ná með viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, alþjóðasamstarfi um að draga úr losun, kvótaviðskiptum og samstarfsverkefnum.

Norðmenn telja verðið á losunarheimildum of lágt og að viðskiptakerfið feli ekki í sér nægilega hvata til umskipta eða tækniþróunar. Við hyggjumst stefna hærra, annað hvort með ógildingu ákveðins fjölda af heimildum eða hraðari lækkun losunarheimilda á ári en 2,2% sem framkvæmdastjórnin og þingið hafa lagt til. Við erum einnig jákvæð gagnvart stöðugleikasjóðnum sem tekur losunarheimildir tímabundið úr umferð. Við gætum hagsmuna Noregs á ýmsum vettvangi, bæði meðal embættismanna og stjórnmalafólks.

Með bestu kveðju,

Vidar Helgesen